



Breiðdalssetur

Málvísindi - Jarðfræði - Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



Breiðdalssetur - Greinagerð

- Febrúar 2012 -

Rekstraryfirlit 2011

Áætlun 2012 og 2013

Yfirlit yfir starfssemi ofl.



Breiðdalssetur

Málvísindi - Jarðfræði - Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



Rekstraryfirlit 2011, áætlun fyrir 2012 2013

Tekjur:	2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013
styrkur Menntamálaráðuneyti	2.000.000		
Fjárlög	7.200.000	7.100.000	7.100.000
sóknaráætlun landshluta		5.000.000	5.000.000
Breiðdalshreppur	2.131.962	5.000.000	5.000.000
Vaxtarsamningur Austurlands	1.000.000		
Alcoa	2.291.200		
Aðrir styrkir	400.000	200.000	
Önnur innkoma*	290.445		
	15.313.607	17.300.000	17.100.000
Gjöld			
Hönnun, uppsetning	1.470.721	2.300.000	1.200.000
Laun og launatengd gjöld	7.318.851	8.000.000	9.500.000
Uppsetning sýninga	1.808.000	1.800.000	800.000
Vefsíða, augl. og kynningar	370.895	800.000	800.000
Ferða- og fl. utningskostnaður	987.194	900.000	1.200.000
leiga	958.071	1.260.000	1.300.000
Síma- og þjónustugjöld	60.318	70.000	75.000
Húsgöng, tæki og tól	140.729	350.000	260.000
Önnur vöru- og þjónustukaup	2.198.828	1.800.000	1.900.000
	15.313.607	17.280.000	17.035.000
	0	20.000	65.000
* leiga á fundaraðstöðu og mótframlag vinnumálastofnun			



Í desember 2010 var sjálfseignarstofnunin Breiðdalssetur ses formlega stofnuð og ný stjórn Breiðdalsseturs tók til starfa strax þá um áramótin. Stjórn setursins hefur lagt upp með að vinna áfram að þeim verkefnum sem setrið var þáttakandi í og stóð fyrir. Lögð var áhersla á að fjölbreytt verkefni og nýjar sýningar bættust við. Eins hefur ný stjórn lagt ríka áherslu á þörf fyrir að efla rannsóknartækifæri og bæta menntasvið innan setursins.

Starfsemi Breiðdalsseturs byggir á þrem grunnstoðum.

- **Jarðfræði** byggð á verkum Dr. George Walker jarðfræðings sem starfaði við rannsóknir og kortlagningar á Austurlandi á árabílinu 1950-60. Hann byggði mikið af rannsóknarvinnu sinni síðar meir á þeirri vinnu og sagði ávallt að Ísland hefði kveikt áhuga hans á eldfjallafræði sem varð síðar sú grein sem hann varð heimsþekktur fyrir. Breiðdalssetur hefur tekið við mikilvægum gögnum um störf Walkers frá erfingjum hans.
- **Málvísindi** byggð á verkum Dr. Stefáns Einarssonar málvísindamanns frá Höskuldsstöðum í Breiðdal, sem starfaði lengst af við John Hopkins háskólann í Bandaríkjunum. Stefán var kunnur málvísindamaður og kenndi meðal annars norræn málvísindi og eftir hann liggja m.a. mikil skrif um íslenska og norræna tungu og bókmenntir.
- **Samfélagið** er svo þriðja grunnstoðin, þróun þess og uppbygging byggðarlagsins út frá elsta húsi Breiðdalsvíkur sem er Gamla kaupfélagið og hýsir í dag starfsemi Breiðdalsseturs. Húsið sjálft hefur sterk söguleg tengsl við samfélagið og sveitina. Með því að efla þennan þátt er samfélagið þáttakandi í eflingu á starfi setursins. Með því að virkja samfélagið er hægt að flétta saman rannsóknarþætti sem annars væru mjög ólíkir en verða með þessu aðgengilegir og nálæg viðfangsefni, allt frá málvísindarannsóknum til þekkingar á nærumhverfi, til að mynda landslagi og lífríki.

Starfsárið 2011

Í byrjun árs var sýning Snjólfss Gíslasonar frá Hlíðarenda í Breiðdal, sett upp. Sýndir voru munir sem hann hefur sjálfur gert úr viði, allt frá leikföngum til nytjahluta sem nýttir voru fyrr á árum. Eins sýndi hann eldri hluti sem hann hefur endurgert eða lagað, eins og lýsislampa og sarp úr rjúpu sem notaður var sem loftvog.





Breiðdalssetur

Málvísindi – Jarðfræði – Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



Skólakrökkum var boðið í heimsókn þar sem Snjólfur tók á móti þeim og kynnti fyrir þeim hlutina, sagði þeim sögur og lét þau vinna verkefni tengd mununum. Skólaverkefnið var samstarfsverkefni milli Breiðdalshrepps, Snjólfss og Breiðdalsseturs og miðaði að því að kynna fyrir krökkunum til dæmis þjóðsögur tengdar mununum og hvernig sumir munirnir voru notaðir áður fyrr. Fengu börnin að meðhöndla, prófa, leika og læra.

Með vorinu var svo hafist handa við að ljúka frágangi stofu til heiðurs Stefáni, sem er hluti af fastasýningu á setrinu, ásamt því að setja upp sýningu um ævi hans og störf. Sýningin var formlega opnuð 10. júní síðastliðin og stóð þar til í september.

Með formlegri opnun sýningarinnar var efnt til málþings um Stefán opunarhelgina sem heppnaðist mjög vel. Framsögumenn voru Svavar Sigmundsson, Páll Baldursson, Vésteinn Ólason og Smári Ólason. Formleg afhending á munum frá Stefáni fór fram við þetta tækifæri. Eins var farið í ferð inn Breiðdalinn að fæðingastað Stefáns, Höskuldsstöðum og að heimagrafreit hans þar.

Í júlí bauð Breiðdalssetur uppá kvöldgöngu með leiðsögn um þorpið fyrir gesti og gangandi og ekki síst þá ferðamenn sem koma á svæðið. Verkefnið var samstarfsverkefni Breiðdalsseturs, Ferðaþjónustuklasa Breiðdals og Hótel Bláfells. Verkefnið var hugsað sem þróunarverkefni og þótti takast með ágætum. Áætlað er að halda áfram að bjóða uppá þessa þjónustu og því verður verkefnið áfram í þróun.

Í ágúst var opnuð ljósmyndasýningin Fjallahringur Breiðdals (Panorama) þar sem markmiðið var að safna örnefnum og sögum frá heimaþólki. Sýningin var opnuð hátíðlega á fjölskylduhátíð Breiðdals og fékk mjög góðar viðtökur. Mikið efni hefur safnast bæði af örnefnum, þjóðsögum, leiðarlýsingum og fleiru. Ætlunin er að skrásetja upplýsingarnar og vinna úr þeim gagnagrunn.

Sýningin er hluti af stærra verkefni sem hlaut menningarstyrk frá Alcoa og byggir á því að samþætta þær þrjár megin stoðir sem mynda verkefni Breiðdalsseturs.

Breiðdalssetur var virkur þáttakandi í Fjölskylduhátíð Breiðdals: **Breiðdalur brosir við þér.** Og fyrir utan opnun á sýningunni Fjallahringur Breiðdals var Snjólfur Gíslason, fæddur og uppallinn Breiðdælingur, fenginn til að segja sögur frá æsku sinni, bæði fyrir börn og eldri kynslóðina. Snjólfur hefur yfir miklum viskubrunni að ráða og höfðu bæði börn og eldri kynslóðin gagn og gaman af.

Í október var svo sett upp sýning á ljósmyndum frá Guðjóni Sveinssyni rithöfund. Guðjón, sem er einn af upphafsmönnum um endurbyggingu Gamla kaupfélagsins, hefur



Breiðdalssetur

Málvísindi – Jarðfræði – Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



verið velunnari hússins frá upphafi og er Breiðdælingur í húð og hár. Sýning hans stóð fram að áramótum.

Í haust tók Breiðdalssetur á móti nemum í jarðfræði og eldfjallafræðum frá Edinborgarháskóla í Bretlandi sem komu hingað á vegum Dr. Þorvaldar Þórðarsonar sem hefur reglulega komið hingað með jarðfræðinema í rannsóknarferðir.

Tveir hópar komu að þessu sinni, annarsvegar hópur af B.S. nemum og svo M.S. nemum sem báðir stunduðu rannsóknarvinnu í jarðfræði og eldfjallavísindum á Austurlandi.

Í september var haldin á Hótel Bláfelli ráðstefna á vegum Háskólans á Hawaii og NASA geimvísindastofnunar, um tilurð vatns á jörðinni. Breiðdalssetur var rannsakendum innan handar varðandi gagnaöflun við myndatöku fyrir ráðstefnuna. Gríðarlega mikilvægt er fyrir Breiðdalssetur að vera þáttakandi í svona stórum verkefnum á vegum virtra stofnanna á heimsvísu.

Breiðdalsvík varð fyrir valinu fyrir þessa ráðstefnu vegna nálægðar við jarðfræðileg kennileiti og gott aðgengi að jarðfræðilegum rannsóknarefnum sem tengdust viðfangsefni ráðstefnunnar. Þetta styrkir stöðu Breiðdalsseturs sem jarðfræðisetur í sessi og leggur grunn að áframhaldandi rannsóknarvinnu.

Fræðsla og skólahópar

Breiðdalssetur tekur reglulega á móti skólahópum úr heimabyggð og næsta umhverfi jafnframt því að sinna hærri skólastigum. Það er mikilvægur þáttur í starfsemi setursins að vera fræðandi jafnframt því að bjóða uppá aðstöðu fyrir fræðafólk.

Þessir þættir fara mjög vel saman og njóta góðs af hvorum öðrum á margan hátt. Eins eru sérhópar eins og leiðsögunemar að sækja setrið heim og við teljum það jafn mikilvægt að taka á móti þeim þar sem þessi hópur getur verið okkar tengiliður við annan markhóp fyrir setrið.

Eitt af megin markmiðum setursins er að vera fræðandi og efla og stunda rannsóknir. Samþætting þarna á milli er því mikilvæg. Með því að vera fræðandi og bjóða yngri skólastig velkomin er verið að sinna nærumhverfinu og efla samstarf heimavið. Það gerir setrinu kleift að byggja á grunnstoðum samfélagsins og um leið efla það.

Að sama skapi er mikilvægt fyrir setrið að stuðla að rannsóknum á eigin vegum jafnframt því að sinna nemum á háskólastigi.



Breiðdalssetur

Málvísindi – Jarðfræði – Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



Nú þegar hafa myndast góð tengsl við háskóla og önnur fræðasetur og markmiðið að efla það starf. Nemar í B.S. eða M.A. Námi hafa komið og fengið aðstöðu og aðgang að fræðaefni og verið með fyrirlestra og verkefnakynningar. Framtíðar markmið setursins er svo í áframhaldandi fræðastarfi að stuðla að nýjum rannsóknum í framhaldi af þeim rannsóknum sem þeir fræðimenn Dr. Walker og Stefán Einarsson hafa unnið í jarðfræði og málvísindum.

Panorama verkefni styrkt af ALCOA samfélagssjóði

Árið 2010 fékk Breiðdalssetur styrk frá Alcoa samfélagssjóði til útfærslu, undirbúnings og rannsóknarvinnu með samþættingu grunnþáttana að leiðarljósi. Útgangspunktur verkefnisins var ljósmyndasýning Panorama- þar sem tekin var panorama myndasýrpa af Breiðdalnum. Sett var upp ljósmyndasýning um sumar 2011 sem var í senn sýning og gagnaöflun. Unnið hefur verið með heimamönnum að heimildaöflun þar sem safnað verður frekari örnefnum, sögum og lýsingum á staðháttum. Efnið verður svo ýtarunnið þar sem hver þáttur verður tekin fyrir, örnefnasöfnun, jarðfræði, landslag og mótun, og heimildasöfnun.

Tilgangurinn með Panorama verkefninu er:

- tenging stoðanna þriggja sem eru Breiðdalssetur; jarðfræði, málvísindi og samfélag
- aukið samstarf bæði við innlenda og erlenda aðila
- styrking samfélagsins og ferðaþjónustunnar

Verkefnið sem unnið var fyrir Alcoa-styrkinn tók til fleiri þátta innri starfsemi setursins eins og skráningar gagna og málþings um Dr. Stefán Einarsson og miðar að því að draga saman þekkingu heimamanna og fræðimanna. Áætlað er að verkefnið muni standa fram á haust 2012. Námskeið fyrir heimamenn á vegum sérfræðinga verða haldin, fyrirlestrar um viðfangsefnið og rannsóknarferðir. Lokaafurð verkefnisins verður fullbúin Panorama sýning þar sem overlays yfir ljósmyndir hafa þær upplýsingar sem safnast hafa, jarðfræði, örnefni og heimildir. Allt verður þetta til á digital formi og sett inn á heimasíðu Breiðdalsseturs, yfirfarið af sérfræðingum og prófarkalesurum með það fyrir augum að tilbúinn sé gagnagrunnur sem hægt sé að leita í og nota.



Verkefni í undirbúningi

Næsta stóra verkefni hjá Breiðdalssetri verður uppsetning á samfélagssýningu sem tileinkuð verður Gamla kaupfélaginu sem í dag hýsir starfsemi Breiðdalsseturs. Með því verða kaflaskipti hjá setrinu þar sem þriðja þætti grunnstoða þess verða gerð skil.

Sá fyrsti var við formlega opnun hússins árið 2008 þegar opnuð var jarðfræðistofa tileinkuð Dr. Walker. Annar áfangi var svo síðastliðið sumar þegar stofa tileinkuð Dr. Stefáni Einarssyni var formlega opnuð og svo mun þá næsta vor/sumar vera opnuð sýning tileinkuð þessu elsta húsi Breiðdalsvíkur. Sýningin mun endurspegla sögu atvinnu og byggðar á Breiðdalsvík og hvernig þorpið þróaðist, séð frá bæjardyrum Gamla kaupfélagsins. Vinna er þegar hafin við þetta verkefni og áætlað að því ljúki á þessu ári.

Stöðug þróun á sér stað á starfsemi og rannsóknarvinnu hjá Breiðdalssetri og mikil áhersla verður lögð á fræðilega þætti starfseminnar. Með því verður lagður grunnur að sterkri menningarstofnun sem verði lifandi fræða- og þekkingarsetur.

Nú í janúar fékk Breiðdalssetur styrk að upphæð 200.000 k.r frá Menningarráði Austurlands fyrir uppsetningu á ljósmyndasýningu undir heitinu *Forsetaheimsóknir í Breiðdalinn*. Sýningin verður að mestu leyti samansafn ljósmynda en einnig verður leitað eftir gögnum frá RÚV eins og myndbrotum eða fréttaskotum frá þessum heimsóknum og frá fleiri fjölmiðlum ásamt Forsetaembættinu.

Í byggðarlaginu eru til þó nokkrar heimildir um þessar heimsóknir sem hafa varðveist og tengjast þær gjarnan þróun og uppbyggingu byggðarlagsins og eru heimildir um samfélagið.

Ríkari áhersla á fræðastarfsemi

Lögð hefur verið áhersla á þátttöku í samstarfsverkefnum setursins bæði í heimabyggð og í stærri verkefnum út á við. Breiðdalssetur er virkur þátttakandi í Ferðapjónustuklasa Breiðdals, eins og áður hefur komið fram, og hefur tekið þátt í þróunarverkefnum sem tengjast eflingu og samþættingu milli fræðasviða setursins og ferðapjónustu á svæðinu. Eins má nefna þátttöku í Safnaklasa Austurlands og nýundirritaðan samstarfssamning við Minjasafn Austurlands.

Í framtíðinni verður horft til þess að efla enn frekar rannsóknir í tengslum við fræðasvið setursins. Stefnt er að því að sækja um í alþjóðlega sjóði með áherslu á rannsókn og fræðslustarf tengt jarðfræði og ferðapjónustu. Jafnframt hefur setrið í samstarfi við



Smára Ólason sótt um stuðning til að vinna áfram með upptökur Dr. Stefáns með það fyrir augum að gera efnið aðgengilegt bæði fyrir almenning sem og gesti setursins.

Verið er að skoða möguleika setursins á að kaupa steinasafn í einkaeigu og setja upp í tengslum við setrið sem gagnvirk og fræðandi steinasafn. Horft er til þess að safnið geti nýst rannsakendum, nemendum og almenningi. Lykillinn að þróun fræðasviða setursins eru áframhaldandi komur innlendra og erlendra stúdenta til setursins en ráðist verður í sérstakt kynningarátak vegna þess á vormánuðum 2012, þá með áherslu á innlenda háskólanema og háskólakennara.

Áherslubreytingar á starfsemi

Miklar áherslubreytingar eru framundan í almennum rekstri setursins þar sem nú liggur fyrir styrkur til lengri tíma en árs í senn. Þetta opnar möguleika á nýju rekstrarumhverfi fyrir setrið og mun skila sér í skilvirkara og stöðugra starfi.

Hingað til hafa á árs grundvelli verið á bilinu 2-3 stöðugildi sem að miklu leyti byggir á sumarstarfsfólki yfir háannatímamann og lækkuðu starfshlutfalli yfir önnur tímabil.

Síðastliðin vetur var ráðin fjármálastjóri í 20% stöðugilid á ársgrundvelli til að halda utan um fjármál og daglegan rekstur setursins. Ekki var um almenna opnun á setrinu að ræða yfir vetrar tíma og því var opnun tengd viðburðum og verkefnum. Verkefnastjóri var svo ráðin á vormánuðum í 100% stöðu tímabundið. Sú staða var 5 mánaða ráðning í fullt stöðugildi og meðal verkefna var verkefnastjórnun á Alcoa verkefninu ásamt öðrum verkum og almennur rekstur á setrinu yfir hánanna tíma þegar opið var (01. júní til 31. ágúst). Yfir sumarmánuðina (júní til ágúst) var ráðið í 2 stöður til viðbótar. Báðar tengdar almennri móttöku á gestum en önnur hafði einnig það hlutverk að skrá gögn og vinna að Panorama sýningunni þar sem sá starfsmaður er ljósmyndari og listakona að mennt.

Mikilvægt í þessu sambandi er að allir starfsmenn eru af svæðinu og þó um tímabundnar ráðningar væri í flestum tilfellum að ráða þá náðist hátt menntastig á starfsmönnum. Um er að ræða Ferðamálafræðing, nema í jarðfræði, menntaðan ljósmyndara/listakonu og nema í þjóðfræði. Það er því gríðarlega mikilvægt að geta boðið þeim einstaklingum sem leyta eftir æðri menntun tækifæri til að starfa við sitt svið í heimabyggð. Það stuðlar að herra menntastigi í heimabyggðinni auk þessa að opna möguleika samfélagsins á þessum kostum þar sem lágt menntastig er viðvarandi og fólksfækkun í byggðarlagi vegna atvinnuleysis.



Breiðdalssetur

Málvísindi – Jarðfræði – Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



Nú standa vonir til að hægt verði að ráða forstöðumann setursins í fullt stöðugildi á árs grundvelli. Áhersla verður enn til að byrja með lögð á sumarmánuðina en með breyttu starfsumhverfi getur hafist markviss stefnubreyting og endurskipulagning í átt að eigin rannsóknum og uppbyggingu innviði fræðasetursins.

Breiðdalssetur hefur gert samstarfssamning við Minjasafn Austurlands um skráningu á þeim munum sem Breiðdalssetur á og verið er að vinna að útfærslu á skráningu á fræðagögnum og náttúruminum sem tilheyra safninu.

Þá stendur til að setrið geri samstarfssamning við Bókasafn Breiðdalshrepps varðandi skráningu á skjölum, fræðaritum og bókum á vegum setursins og almennt utanumhald um skráningu muna fyrir setrið. Þetta er í samræmi við stefnubreytingar bæði á safnalögum og þáttar Breiðdalshrepps í sóknaráætlunin þar sem verið er að vinna að samstarfsgrundvelli.





Breiðdalssetur

Málvísindi – Jarðfræði – Sagan
GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



Starfsárið 2011

Janúar - ágúst

- Sýning: jarðfræði Austurlands (aðalrými 1. hæð)
október 2010 – febrúar 2011
- Sýning: Fjaran er gjöful - Sýning leikskóla og grunnskólabarna á Breiðdalsvík á listaverkum unnum úr efnivið fjörunnar (aðalrými 1. hæð)
16. janúar - 10. maí
- Sýning: Snjólfur Gíslason, Breiðdælingur - handunnir munir úr tré (kaupfélagsrými, 2. hæð)
29. apríl
- Fyrirlestur: Silfurberg - Leó Kristjánsson jarðeðlisfræðingur
11. júní
- Málþing: Dr. Stefán Einarsson
11. júní
- Sýning: Dr. Stefán Einarsson - maður orða (kaupfélagsrými, 2. hæð)
11. júní – 10. október
- Sýning: Skrifstofa Dr. Stefáns – sýning til frambúðar (herbergi 2. hæð)
11. júní
- Sýning: Walkers study – sýning til frambúðar (herbergi 2. hæð)
12. júní
- Ferð: Rútuferð um Breiðdalinn – heimaslóðir Dr. Stefáns Einarssonar
2. ágúst – 6. September
- BS nemar frá Edinborgarháskóla með aðstöðu á Breiðdalssetri
13. ágúst – október
- Sýning: Breiðdalsvík Panorama
13. ágúst
- Snjólfur Gíslason með sögustund í Breiðdalssetri í tengslum við bæjarhátíðina “Breiðdalur brosir við þér”
27. ágúst
- Fyrirlestrar B.S. og M.S. nema Þorvaldar Þórðarsonar frá Edinborgarháskóla
22-26. ágúst
- M.S. nemar frá Edinborgarháskóla með aðstöðu á Breiðdalssetri



Breiðdalssetur

Málvísindi – Jarðfræði – Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



5.-9. september

- Alþjóðleg ráðstefna um uppruna vatns á jörðinni í Hótel Bláfelli. Starfsmaður Breiðdalsseturs þeim innan handar við ljósmyndun á jarðfræðitengdum landteiknum Breiðdals sem og gerð á myndbandsupptökum tengdum jarðfræði svæðisins

5. nóvember.

- Opnun á ljósmyndasýningu Guðjóns Sveinssonar rithöfundar.

